

farandi skýrslu. Nefndin hélt fund með sér 18 sept. síðastliðinn og skifti með sér verkum á þann hátt, að hinir ýmsu nefndarmenn tóku að sér að skrifa öllum helstu skáldum Íslands og fara þess á leit við þau, að þau gæfu leyfi sitt fyrir öllum þeim prentuðum sálum, er út hefðu komið eftir þau, til upptöku í hina fyrirhuguðu sálmabók og enn fremur seldu með sanngjörnu verði óprentuð handrit sín af sálum, er nefndin kynni að geta notað.

Aðeins eitt skáldanna hefir gefið svar upp á bréf þessi, og að áliti nefndarinnar er það svar öldungis ófullnægjandi, þess vegna á fundi er nefndin hélt með sér í febrúar, áleit hún að heppilegra væri að fresta sálmabókarútgáfu að sinni, en reyna fremur að komast í samband við nefnd þá á Íslandi, er skipuð er til að yfirlíta sálmabók íslensku kyrkjunnar, ef verða mætti að sú útgáfa gæti orðið til almennra nota bæði fyrir oss og aðra.

Formaður útbreiðslunefndarinnar gaf þar næst skýrslu. Hann kvað nýjan söfnuð hafa verið stofnaðan í Grunnavatnsbygð, sem að miklu leyti væri að þakka starfsemi Alberts E. Kristjánssonar þar á síðastliðnu sumri. Einnig mintist hann á hag og framfarir félagskaparins yfirleitt.

G. Árnason skýrði frá að framkvæmdarnefnd kyrkjufélagsins hefði á síðastliðnu hausti tekið við blaðinu "Heimir" af hlutafélagi því, sem hefði haft það til eignar unaráða. Flestir af hluthöfum blaðsins höfðu gefið hluti sínu með því skilyrði að 300 dollara upphæð væri safnað í útgáfusjóð. Í sjóð þennan var safnað 135 dollars og af þeim borgaðir 95 dollarar 75 cent til tveggja hluthafa. Í hlutum höfðu verið gefnir 136 dollarar. Þegar blaðið var tekið yfir kaus framkvæmdarnefndin sex manna útgáfunefnd. Hannes Pétursson skýrði frá fjárhag blaðsins og gaf ágríp af útgjöldum og tekjum á því tímabili sem nefndin hafði gefið blaðið út.

Nefndin, sem sett var á síðasta þingi til að athuga afstöðu þessa kyrkjufélags gagnvart "The American Unitarian Association" lagði þar næst fram eftirfarandi skýrslu: — Nefndin kom sér saman um að biðja um beint samband við A. U. A. þannig að stjórnarnefnd Ísl. Únitara kyrkjufélagsins skuli í beinu um-